



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík -- Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

41. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu skólans fimmtudaginn 6. september 1979 og hófst kl. 21⁰⁰. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Bergmann Þorleifsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Böðvarsson, Ingólfur Halldórsson og Einar Þórðarson.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari gaf skýrslu um skólasetningarathöfnina í samkomuhúsinu í Sandgerði laugardaginn 1. september. Athöfnin hófst kl. 14.⁰⁰ með ávarpi Magnúsar Ó. Ingvarsson kennara sem stjórnaði athöfninni. Védís Elsa Kristjánsdóttir, oddviti Miðneshrepps og nemandi í öldunga-deild skólans, flutti ávarp af hálfu SSS, kirkjukór Hvalsneskirkju söng tvö lög. Síðan flutti skólameistari ræðu og setti skólann. Ómar Bjarnþórsson sá um undirbúning af hálfu heimamanna, en Óskar Jónsson og Jón A. Valdimarsson sáu að venju um skreytingu sviðs, uppsetningu hljómburðartækja og þess háttar. Skólameistari kvað allan undirbúning hafa verið með sóma og þakkaði öllum sem hlut áttu að undirbúningi skólasetningarinnar.
2. Fjallað var um bréf frá bæjarráði Njarðvíkur og bæjarstjórn Keflavíkur þar sem þess er óskað að skólanefndin geri tillögur að reglum um hvernig sveitafélögin á Suðurnesjum skuli bregðast við kröfum frá Reykjavíkurborg um námsvistargjöld af nemendum í framhaldsskólanámi þar. Miklar umræður urðu, og voru menn ekki á einu máli fyrst, en samkomulag varð um svofellda niðurstöðu: Skólanefndin telur námsvistargjöld eiga rétt á sér þegar nemendur stunda framhaldsnám sem ekki er í boði í skóla-umdæmi þeirra, en lítur svo á að innheimtutilhögum Reykjavíkurborgar og fleiri bæjarfélaga sé óheppileg, og

umdeilanlegt hvort greiða eigi mishá gjöld eftir skólum eða námsbrautum. Telur nefndin heppilegra að greiðsla eða jöfnun námsvistargjalda milli sveitarfélaga fari fram á vegum menntamálaráðuneytisins.

Mælir skólanefndin með því að sveitarfélögin greiði að þessu sinni þá upphæð sem innheimt er fyrir þá nemendur sem ekki geta stundað hlutaðeigandi nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, en felur skólameistara, formanni skólanefndar og aðstoðarskólameistara að semja tillögur um tilhögum skíkra greiðslu í framtíðinni og leggja þar fyrir næsta skólanefndarfund.

3. Önnur mál.

- a) Umræður urðu um kaup á nauðsynlegum bókum og kennslutækjum fyrir skólann.
Skólameistari sagði að skortur á nauðsynlegum hjálpargögnum við kennslu væri mjög tilfinnanlegur í mörgum greinum. Einkum kvað hann námsaðstöðu á eðlisfræða- og náttúrufræðabrautum slæma og verði naumast lengur undan vikist að bæta þar úr. Skólameistari upplýsti að deildarstjórar hefðu verið beðnir að setja saman skrá um bækur og tæki sem brýnast er að kaupa. Vinna þrír deildarstjórar að ásamt tækjaverði og bóka-
verði að gerð þessa óskalista.
- b) 25. ágúst s.l. rann út umskóknarfrestur um stöðu aðstoðarskólameistara. Umsókn, dagsett 24. ágúst, frá Ingólfi Halldórssyni var afhent skólameistara en engin umsókn bærst menntamálaráðuneytinu. Skólanefndin samþykkti einróma að mæla með umsókn Ingólfs.
- c) Formaður skólanefndar lýsti framkvæmdum við væntanlega kennarastofu á rishæð skólahússins. Vonast er til að hana megi taka í notkun fljótlega þótt fullgerð verði hún ekki á þessum vetri. Samþykkt var að kaupa eldhúsinnréttingu í kennarastofuna.

- d) Ákveðið var að 2. árs nemar á tréiðnabraut þilji hornið við hliðina á bókhliðð8nni og setji upp sams konar dyraumbúnað og þar var skólaárið 1977-1978 og þar verði bráðabirgðaaðstaða fyrir skrifstofustjóra og jafnframt geymslurými fyrir ýmis skjöl og bækur.
- e) Skólameistara var falið að semja og senda menntamála-ráðuneytinu bréf varðandi öldungadeildina þar sem ítrekuð skal sú afstaða sem fram kemur í bréfi nefndar-innar til ráðuneytisins frá í vor:
- f) Skólanefndin ræddi helstu vandkvæði varðandi stundaskrár á haustönn 1979. Taldi nefndin nauðsynlegt að skýra betur en gert hefur verið fyrir nemendum og aðstandendum þeirra hvers vegna stundarskrár nemenda og kennara geta ekki verið samfelldar í áfangakerfi.
- g) Samþykkt var að kanna hvort sveitarfélögin hafi á boð-stólum smíðaverkefni fyrir nemendur á verkbrautum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Einar Þórðarson og Jón Böðvarsson rituðu fundargerðina.